

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

**Nr. 14**

við Stjórnartíðindi EB

2. árgangur

20.4.1995

**I EES-STOFNANIR****1. EES-ráðið**

95/EES/14/01 Ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95 frá 10. mars 1995 um gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein..... 01

**2. Sameiginlega EES-nefndin****3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin****4. Ráðgjafarnefnd EES****II EFTA-STOFNANIR****1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna****2. Eftirlitsstofnun EFTA****3. EFTA-dómstóllinn****III EB-STOFNANIR****1. Ráðið****2. Framkvæmdastjórnin**

95/EES/14/02 Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.588 - Ingersoll Rand/Clark Equipment)..... 29

95/EES/14/03 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. apríl 1995 um tilteknar verndarráðstafanir hvað varðar fiskafurðir sem eru upprunnar í Japan..... 30

95/EES/14/04 Áætlun um fjargagnaflutningabúnað. Önnur tilmæli um tillögur varðandi sérstaka áætlun um rannsóknir og tækniþróun, þar með taldar tilraunir, á sviði fjargagnaflutningabúnaðar í þágu almennra hagsmuna (1994-1998)..... 30

95/EES/14/05 Áætlun fram í tímann fyrir stál fyrir fyrri hluta ársins 1995 og fyrir allt árið 1995..... 31

95/EES/14/06 Ríkisaðstoð - C 53/94 - Frakkland..... 31

95/EES/14/07 Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir..... 32

**3. Dómstóllinn**

<b>95/EES/14/08</b>	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	33
<b>95/EES/14/09</b>	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	34

# EES-STOFNANIR

## EES-RÁÐIÐ

### ÁKVÖRÐUN EES-RÁÐSINS

95/EES/14/01

nr. 1/95

Frá 10. mars 1995

#### um gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein

##### EES-RÁÐIÐ HEFUR,

MEÐ HLIDSJÓN AF samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), eins og honum var breytt með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, og síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/95 <sup>(1)</sup>, hér á eftir nefndur samningurinn, einkum 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningnum, og

ÞAR EÐ tollasamningnum frá 29. mars 1923 milli Furstadæmisins Liechtenstein og Ríkjasambandsins Sviss var breytt 2. nóvember 1994 í því skyni að veita Liechtenstein aðgang að EES-svæðinu,

ÞAR EÐ EES-ráðið komst að þeirri niðurstöðu 20. desember 1994, að því er varðar gildistöku samningsins fyrir Liechtenstein, að skilyrði b-liðar 121. gr. samningsins, nánar tiltekið að svæðissambandið milli Sviss og Liechtensteins raski ekki góðri framkvæmd samningsins, væri fullnægt,

ÞAR EÐ nauðsynlegt er að gera talsverðar breytingar á samningnum vegna gildistöku hans fyrir Liechtenstein,

ÞAR EÐ samþykkja þarf yfirlýsingarnar sem fylgja þessari ákvörðun,

ÞAR EÐ mæla verður fyrir um gildistöku samningsins fyrir Liechtenstein,

ÞAR EÐ Liechtenstein er, í samræmi við 3. mgr. 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningnum, heimilt að taka þátt í ákvörðun EES-ráðsins um gildistöku samningsins fyrir Liechtenstein,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 47, 2.3.1995, bls. 30 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 2.3.1995, bls. 125.

##### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

###### 1. gr.

Svæðissambandið milli Sviss og Liechtensteins raskar ekki góðri framkvæmd samningsins.

###### 2. gr.

Breyta skal 13. gr. um sérstakt landsbundið fyrirkomulag í bókun 3 varðandi vörur sem um getur í b-lið 3. mgr. 8. gr. samningsins á eftirfarandi hátt:

- a) málsgreinin sem fyrir er fær númerið „1.”;
- b) eftirfarandi ný málsgrein bætist við á eftir 1. mgr.:

„2. Ákvæði þessarar bókunar gilda að því er varðar Liechtenstein frá og með 1. janúar 2000.”

###### 3. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 2. gr. í bókun 4 um upprunareglur:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. skal yfirráðasvæði Furstadæmisins Liechtenstein, fram til 1. janúar 2000, ekki heyra undir EES, að því er varðar ákvörðun um uppruna framleiðsluvara sem um getur í töflu I og II í bókun 3, og slíkar vörur skulu því aðeins teljast upprunnar á EES að þær séu annaðhvort að öllu leyti fengnar eða hafi hlotið nægilega aðvinnslu á yfirráðasvæðum hinna samningsaðilanna.”

###### 4. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við sem sjötta málsgrein í meginmáli bókunar 47 um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín:

„Að því er varðar framleiðsluvörur sem falla undir gerðir sem vísað er til í þessari bókun er Liechtenstein heimilt að beita svissneskum lögum er leiða af svæðis-sambandi þess við Sviss vegna markaðarins í Liechtenstein samhliða löggjöf um framkvæmd gerða sem vísað er til í þessari bókun. Ákvæði um frjálsa vöruflutninga sem er að finna í þessum samningi eða gerðum sem vísað er til skulu, að því er varðar útflutning frá Liechtenstein til annarra samningsaðila, aðeins gilda um framleiðsluvörur sem eru í samræmi við gerðir sem vísað er til í þessari bókun.”.

5. gr.

Breyta skal I., II., IV., VI., VII., IX., XII., XIII., XVI. til XVIII., XX. og XXI. viðauka við samninginn eins og tilgreint er í 1. til 13. viðauka við þessa ákvörðun.

6. gr.

Samningurinn, eins og honum er breytt með þessari ákvörðun, tekur gildi fyrir Liechtenstein um leið og þessi ákvörðun öðlast gildi.

7. gr.

1. Þessi ákvörðun tekur gildi 1. maí 1995, að því tilskildu að:
  - samningurinn frá 2. nóvember milli Liechtenstein og Sviss um breytingu á samningi frá 29. mars 1923 um aðild Furstadæmisins Liechtenstein að tollasvæði Sviss hafi öðlast gildi á þeim degi, og

- Liechtenstein hafi á þeim degi lagt fram fullgildingarskjöl sín vegna samningsins og bókunarinnar um breytingu á samningnum í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 129. gr. samningsins og 4. mgr. 22. gr. breytingar bókunarinnar, og

- allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið lagðar fyrir EES-ráðið.

2. Ef skilyrðum 1. mgr. hefur ekki verið fullnægt á þeim degi sem þar er kveðið á um tekur ákvörðunin gildi fyrsta dag næsta mánaðar á eftir mánuðinum sem skilyrðunum hefur verið fullnægt í. Ef skilyrðunum er hins vegar fullnægt seinna en fimmtán dögum fyrir byrjun næsta mánaðar tekur ákvörðunin ekki gildi fyrr en fyrsta dag annars mánaðar eftir að skilyrðunum hefur verið fullnægt.
3. Hafi skilyrðunum ekki verið fullnægt 30. júní 1995 skulu EES-ráðið og Liechtenstein meta stöðuna.

8. gr.

Ákvörðun þessa og yfirlýsingarnar sem henni fylgja skal birta í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 1995,

Fyrir hönd EES-ráðsins,

Ritarar EES-ráðsins,

**A. JUPPE**

**P.K. MANNES**

**E. STEIN**

forseti

# 1. VIÐAUKI

## við ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95

I. viðauka (HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA) við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 <sup>(1)</sup> frá 21. mars 1994 og nr. 12/94 <sup>(2)</sup> frá 28. september 1994 og ákvörðunum 2/95 <sup>(3)</sup>, 3/95 <sup>(4)</sup> og 4/95 <sup>(5)</sup>, skal breytt eins og hér er greint frá.

### A. Eftirfarandi ný fyrirsögn og málsgreinar bætast við á eftir inngangi:

„AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

Liechtenstein skal koma ákvæðum I. kafla, Dýr, til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2000. Sameiginlega EES-nefndin endurmetur stöðuna árið 1999.

Liechtenstein er heimilt að beita, vegna framleiðsluvara sem falla undir II. kafla, Fóður, og III. kafla, Plöntur, svissneskum lögum er leiða af svæðissambandi þess við Sviss vegna markaðarins í Liechtenstein samhliða löggjöf um framkvæmd gerða sem vísað er til í þessum köflum.”

### B. II. kafli. FÓÐUR

Í inngangshluta að II. kafla, Fóður, falli 1. mgr. niður.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 13 og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 292, 12. 11.1994, bls. 39 og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 45, 12.11.1994, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. L 47, 2.3.1995, bls. 22 og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 7, 2.3.1995, bls. 47.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB nr. L, 2.3.1995, bls. 23 og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 7, 2.3.1995, bls. 54.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. EB nr. L, 2.3.1995, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 7, 2.3.1995, bls. 57.

## 2. VIÐAUKI

### við ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95

II. viðauka (TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN) við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 <sup>(1)</sup> frá 21. mars 1994, nr. 12/94 <sup>(2)</sup> til 16/94 <sup>(3)</sup> frá 28. september 1994 og nr. 30/94 til 44/94 <sup>(4)</sup> frá 15. desember 1994 og ákvörðun 5/95 <sup>(5)</sup>, ákvörðun 6/95 <sup>(6)</sup>, ákvörðun 7/95 <sup>(7)</sup>, ákvörðun 8/95 <sup>(8)</sup> og ákvörðun 9/95 <sup>(9)</sup>, skal breytt eins og hér er greint frá.

**A. Í kaflanum AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM er eftirfarandi málsgrein bætt við á eftir málsliðnum sem fyrir er:**

„Að því er varðar framleiðsluvörur sem falla undir gerðir sem vísað er til í þessum viðauka er Liechtenstein heimilt að beita svissneskum tæknilegum reglugerðum og stöðlum er leiða af svæðissambandi þess við Sviss vegna markaðarins í Liechtenstein samhliða löggjöf um framkvæmd gerða sem vísað er til í þessum viðauka. Ákvæði um frjálsta vöruflytninga sem er að finna í þessum samningi eða gerðum sem vísað er til skulu, að því er varðar útflutning frá Liechtenstein til annarra sammingsaðila, aðeins gilda um framleiðsluvörur sem eru í samræmi við gerðir sem vísað er til í þessum viðauka.”

**GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL**

**B. I. kafli. VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI**

1. Í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE) bætast orðin „FL fyrir Liechtenstein” við í aðlögunarlið b) á undan orðunum „16 fyrir Noreg”.
2. Í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE) bætist orðið „Liechtenstein: “ við í aðlögunarlið c) á undan orðinu „Noregur: “.
3. Í 45. lið a (tilskipun ráðsins 91/226/EBE) bætast orðin „FL fyrir Liechtenstein” við í aðlögunarliðnum á undan orðunum „16 fyrir Noreg”.
4. Í 45. lið c (tilskipun ráðsins 92/22/EBE) bætast orðin „FL fyrir Liechtenstein” við í aðlögunarliðnum á undan orðunum „16 fyrir Noreg”.
5. Í 45. lið d (tilskipun ráðsins 92/23/EBE) bætast orðin „FL fyrir Liechtenstein” við í aðlögunarliðnum á undan orðunum „16 fyrir Noreg”.
6. Í 45. lið f (tilskipun ráðsins 92/61/EBE) bætast orðin „- FL fyrir Liechtenstein,” við í aðlögunarliðnum á undan orðunum „- 16 fyrir Noreg”.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 292, 12. 11. 1994, bls. 39, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 45, 12.11.1994, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 325, 17. 12. 1994, bls. 64 til 67, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 17.12.1994, bls. 1 til 42.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 372, 31. 12. 1994, bls. 1 til 20, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 57, 31.12.1994, bls. 1 til 20.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 47, 2.3.1995, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 2.3.1995, bls. 60.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 47, 2.3.1995, bls. 26 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 2.3.1995, bls. 64.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. L 47, 2.3.1995, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 2.3.1995, bls. 67.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB nr. L 47, 2.3.1995, bls. 28 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 2.3.1995, bls. 71.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB nr. L 47, 2.3.1995, bls. 29 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 2.3.1995, bls. 76.

**C. XII. kafli. MATVÆLI**

1. Undir fyrirsögninni „XII. kafli Matvæli“ bætist eftirfarandi aðlögunarliður við:

„Liechtenstein skal fara að ákvæðum gerða sem vísað er til í þessum kafla eigi síðar en 1. janúar 2000. Liechtenstein skal þó gera sitt ítrasta til að fara að ákvæðum gerða sem vísað er til í þessum kafla eigi síðar en 1. janúar 1997. Að öðrum kosti skal sameiginlega EES-nefndin endurmeta stöðuna.“

**D. XIX. kafli. ALMENN ÁKVÆÐI Á SVIÐI TÆKNILEGRA VIÐSKIPTAHINDRANA**

1. Í aðlögunarlið g) í 1. lið (tilskipun ráðsins 83/189/EBE) skal í stað tilvísunarinnar „ „SNV“ (Liechtenstein)“, ásamt pósthfangi, koma:

„(TPMN)(Liechtenstein)  
Liechtensteinische Technische Prüf-, Mess- und Normenstelle  
Kirchstr. 7  
FL-9490 Vaduz“.

### 3. VIÐAUKI

#### við ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95

IV. viðauka (ORKA) við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94<sup>(1)</sup> frá 21. mars 1994, skal breytt eins og hér er greint frá.

Við 3. lið a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 77/190/EBE) bætast í 3. viðbæti við ákvörðunina töflur 4, 5 og 6 sem fara hér á eftir:

**„Tafla 4  
Vegna viðbætis A**

HEITI JARÐOLÍUAFURÐA

<hr/>	
	Liechtenstein
<hr/>	
I.	Vélaeldsneyti
<hr/>	
1	Superbenzin
2	Bleifrei 95
3	
4	Dieseltreibstoff
<hr/>	
II.	Eldsneyti til heimilisnota
<hr/>	
5	
6	Heizöl extra leicht
7	
<hr/>	
III.	Eldsneyti til atvinnureksturs
<hr/>	
8	*)
9	*)

\*) Á ekki við

<sup>(1)</sup> Stjítíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjítíð. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 40.



**Tafla 5**  
**Vegna viðbætur B**

SKILGREINING VÉLAELDSNEYTIS

		Liechtenstein	
a)	Gæðabensín  eðlisþyngd (15 C) oktantala: RON oktantala: MON varmagildi (Kcal/kg) blýinnihald (g/l)	0.725 - 0.780 lág. 98.0 lág. 88.0 - hám. 0.15	
b)	Evró - súper 95  eðlisþyngd (15 C) oktantala: RON oktantala: MON varmagildi (Kcal/kg) blýinnihald (g/l)	0.725 - 0.780 lág. 95.0 lág. 88.0 - hám. 0.013	
c)	Venjulegt bensín, blýlaust  eðlisþyngd (15 C) oktantala: RON oktantala: MON varmagildi (Kcal/kg) blýinnihald (g/l)		
		Á sumrin	Á veturna
d)	Dísilolía  eðlisþyngd (15 C) Cetantala: varmagildi (Kcal/kg) brennisteinsinnihald (%)	0.820 - 0.860 lág. 49 - hám. 0.05	0.800 - 0.845 lág. 47 - hám. 0.05

**Tafla 6**  
**Vegna viðbætur C**

SKILGREINING Á ELDSNEYTI

	Liechtenstein
a) Eldsneyti til heimilisnota	
Gasolía	
eðlisþyngd (15 C)	-
varmagildi (Kcal/kg)	-
brennisteinsinnihald (%)	-
rennslismark ( C)	-
Létt brennsluolía	
eðlisþyngd (15 C)	hám. 0.815-0.860
varmagildi (Kcal/kg)	lág. 10.000
brennisteinsinnihald (%)	hám. 0.20
rennslismark ( C)	- 9.0
Steinolía	
eðlisþyngd (15 C)	-
varmagildi (Kcal/kg)	-
b) Eldsneyti til atvinnureksturs	
Hátt brennisteinshlutfall	
eðlisþyngd (15 C)	-
varmagildi (Kcal/kg)	-
brennisteinsinnihald (%)	-
Lágt brennisteinshlutfall	
eðlisþyngd (15 C)	-
varmagildi (Kcal/kg)	-
brennisteinsinnihald (%)	-“

## 4. VIÐAUKI

### við ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95

VI. viðauka (FÉLAGSLEGT ÖRYGGI) við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 <sup>(1)</sup> frá 21. mars 1994 og 24/94 frá 2. desember 1994 <sup>(2)</sup>, skal breytt eins og hér er greint frá.

#### GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. Eftirfarandi aðlögunarliðir bætist við í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71):
  - a) í aðlögunarlið ja):

„P. LIECHTENSTEIN  
Engar.”;
  - b) í aðlögunarlið jb):

„P. LIECHTENSTEIN

    - a) Greiðslur til ekkla (Lög um greiðslur til ekkla frá 25. nóvember 1981).
    - b) Greiðslur til blindra (Lög um greiðslur til blindra frá 17. desember 1970).
    - c) Greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar (Lög um greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar frá 25. nóvember 1981).
    - d) Viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutrygginga (Lög um viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutrygginga frá 10. desember 1965, endurskoðuð 12. nóvember 1992).
    - e) Greiðslur til ósjálfbjarga (Lög um viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutrygginga frá 10. desember 1965, endurskoðuð 12. nóvember 1992).”;
  - c) í aðlögunarlið m):

„P. LIECHTENSTEIN  
Engar.”;
  - d) í aðlögunarlið ma):

„P. LIECHTENSTEIN  
Engar.”;
  - e) í aðlögunarlið mb):

„P. LIECHTENSTEIN

Allar umsóknir um almennan lífeyri elli-, eftirlifenda- og örorkutrygginga, auk elli-, eftirlifenda- og örorkulífeyris samkvæmt bótakerfi atvinnugreina, að svo miklu leyti sem reglur viðkomandi lífeyrissjóðs feli ekki í sér ákvæði um lækkun.”;

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 55, og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 45.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 83, og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 52, 29.12.1994, bls. 1.

f) í aðlögunarlið n) undir fyrirsögninni P. LIECHTENSTEIN:

- i) skal núverandi texti aðlögunarliðarins merktur með tölustafnum „1.”;
- ii) bætist eftirfarandi við aðlögunarliðinn:

„2. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar skal samkvæmt beiðni greiða óafturkræfan lífeyri (Freizügigkeitsleistung) samkvæmt lögum um atvinnugreinabætur frá 20. október 1987 í peningum til launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings sem fellur ekki lengur undir löggjöf í Liechtenstein samkvæmt ákvæðum II. bálks reglugerðarinnar, ef þessi einstaklingur fer endanlega frá efnahagssvæði Liechtensteins og Sviss fyrir 1. janúar 1998 og sækir um þessar bætur í peningum fyrir 1. janúar 1998.”.

2. Eftirfarandi aðlögunarliðir bætist við 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72):

a) í aðlögunarlið da):

„81. AUSTURRÍKI - LIECHTENSTEIN  
Ekkert.

97. FINNLAND - LIECHTENSTEIN  
Á ekki við.

112. ÍSLAND - LIECHTENSTEIN  
Á ekki við.

115. LIECHTENSTEIN - BELGÍA  
Á ekki við.

116. LIECHTENSTEIN - DANMÖRK  
Á ekki við.

117. LIECHTENSTEIN - ÞÝSKALAND  
Ekkert.

118. LIECHTENSTEIN - SPÁNN  
Á ekki við.

119. LIECHTENSTEIN - FRAKKLAND  
Á ekki við.

120. LIECHTENSTEIN - GRIKKLAND  
Á ekki við.

121. LIECHTENSTEIN - ÍRLAND  
Á ekki við.

122. LIECHTENSTEIN - ÍTALÍA  
Ekkert.

123. LIECHTENSTEIN - LÚXEMBOURG  
Á ekki við.

124. LIECHTENSTEIN - HOLLAND  
Á ekki við.

125. LIECHTENSTEIN - PORTÚGAL

Á ekki við.

126. LIECHTENSTEIN - BRESKA KONUNGRÍKIÐ

Á ekki við.

127. LIECHTENSTEIN - NOREGUR

Á ekki við.

128. LIECHTENSTEIN - SVÍÞJÓÐ

Á ekki við.”;

b) í aðlögunarlið fa):

„Austurríki og Liechtenstein

Finnland og Liechtenstein

Ísland og Liechtenstein

Liechtenstein og Belgía

Liechtenstein og Þýskaland

Liechtenstein og Spánn

Liechtenstein og Frakkland

Liechtenstein og Írland

Liechtenstein og Lúxemborg

Liechtenstein og Holland

Liechtenstein og Breska konungsríkið

Liechtenstein og Noregur

Liechtenstein og Svíþjóð”.

#### **GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL**

3. Eftirfarandi aðlögunarliðir bætist við í 42. lið c (Ákvörðun nr. 150):

„P. Liechtenstein

1. Vegna fjölskyldubóta:

Liechtensteinische Familienausgleichskasse (Fjölskyldubótasjóður Liechtensteins).

2. Vegna munaðarleysingjalfeyris:

Liechtensteinische Alters- und Hinterlassenenversicherung (Elli- og eftirlifendatrygging Liechtensteins).”

## 5. VIÐAUKI

### við ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95

VII. viðauka (GAGNKVÆM VIÐURKENNING Á STARFSMENNTUN OG HÆFI) við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/94 <sup>(1)</sup> frá 8. febrúar 1994, nr. 7/94 <sup>(2)</sup> 21. mars 1994 og nr. 25/94 <sup>(3)</sup> frá 2. desember 1994, skal breytt eins og hér er greint frá.

#### GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

##### A. Kaffi A. ALMENNT KERFI

1. Í fyrstu tveimur málsgreinum aðlögunarinnar á 1. lið (tilskipun ráðsins 89/48/EBE) bætist orðið „Liechtenstein“ við á milli orðanna „Ísland“ og „Noregur“.
2. Eftirfarandi bætist við í 1. lið a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) undir aðlögunarlið b), í d-lið undir fyrirsögninni „4. Tækninám“:

„Í Liechtenstein

nám fyrir

- fjárhaldsmenn („Treuhande“)

##### *Lengd og kröfur:*

Námið grundvallast á níu ára skyldunámi og - nema lokaprófgráðu hafi verið náð - þriggja ára hagnýtri starfsþjálfun við verslunarstörf hjá fyrirtæki, en nauðsynlegt fræðilegt nám og almennt bóknám er sótt í starfsmenntaskóla sem hvorutveggja er nauðsynlegur undanfari verslunarprófs (Hæfnisvottorð fyrir verslunarmenn).

Að lokinni þriggja ára starfsreynslu hjá fyrirtæki auk fjögurra ára bóklegs náms til viðbótar, sem heimilt er að sinna samtímis, má þreyta verslunarpróf og öðlast þar með ofangreint starfsheiti.

Heildarnámstími er að öðru jöfnu milli 16 og 19 ár.

##### *Reglugerðir:*

Starfsgreinin er lögvernduð með innlendri löggjöf. Nema sem er að búa sig undir prófið er frjálst að gera það á þann hátt sem hann kys (starfsmenntaskólar, einkaskólar, fjarnám).

- endurskoðendur („Wirtschaftsprüfer“)

##### *Lengd og kröfur:*

Námið grundvallast á níu ára skyldunámi ásamt þriggja ára hagnýtri starfsþjálfun við verslunarstörf hjá fyrirtæki, en nauðsynlegt fræðilegt nám og almennt bóknám er sótt í starfsmenntaskóla.

Að lokinni þriggja ára starfsreynslu til viðbótar hjá fyrirtæki auk fimm ára bóklegs náms til viðbótar, sem heimilt er að sinna samtímis með fjarnámi, má þreyta verslunarpróf og öðlast þar með framangreint starfsheiti.

Heildarnámstími er milli 17 og 18 ár. Nema sem hafa fengið starfsþjálfun erlendis þurfa aðeins að leggja fram sönnun um eins árs frekari starfsreynslu í Liechtenstein.

##### *Reglugerðir:*

Starfsgreinin er lögvernduð með innlendri löggjöf.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 85, 30. 3. 1994, bls. 71, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 1, 30.3.1994, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 67, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 56.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 84, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 53, 29.12.1994, bls. 1.

**B. Kafli D. BYGGINGARLIST**

- 1 Í 18. lið (tilskipun ráðsins 85/384/EEB) komi eftirfarandi í stað undirliðarins í aðlögunarlið o) varðandi Liechtenstein:

„ - prófskírteini frá „Fachhochschule“ (Dipl.- Arch. (FH));”.

## 6. VIÐAUKI

### við ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95

IX. viðauka (FJÁRMÁLAPJÓNUSTA) við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 <sup>(1)</sup> frá 21. mars 1994 og nr. 17/94, 18/94 og 19/94 <sup>(2)</sup> frá 28. október 1994, skal breytt eins og hér er greint frá.

#### GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

##### A. I. kafli. VÁTRYGGINGAR

1. Eftirfarandi nýr aðlögunarliður bætist við 7. lið a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE):

„c) Liechtenstein er heimilt að fresta beitingu þessarar tilskipunar til 1. janúar 1996 um lögboðnar slysatryggingar. Sameiginlega EES-nefndin endurmetur stöðuna á árinu 1995.”

2. Eftirfarandi nýr aðlögunarliður bætist við 12. lið b (tilskipun ráðsins 91/674/EBE):

„d) Liechtenstein skal samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1997.”

##### B. II. kafli. BANKAR OG AÐRAR LÁNASTOFNANIR

1. Í 20. lið (tilskipun ráðsins 92/30/EBE) bætist orðið „Liechtenstein” inn í aðlögunarlið b) á undan orðinu „Noregur”.
2. Í 21. lið (tilskipun ráðsins 86/635/EBE) komi í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1996”, að því er varðar Liechtenstein, „1. janúar 1997”.

##### C. III. kafli. VERÐBRÉFAÞING OG VERÐBRÉF

1. Í 27. lið (tilskipun ráðsins 88/627/EBE), 28. lið (tilskipun ráðsins 89/298/EBE) og 29. lið (tilskipun ráðsins 89/592/EBE) skulu orðin „og Liechtenstein” falla brott í aðlögunarliðunum varðandi aðlögunartímabil og eftirfarandi nýr málslíður bætist við:

„Liechtenstein skal koma ákvæðum tilskipunarinnar til framkvæmda fyrir 1. janúar 1996.”

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 72, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 62.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 325, 17. 12. 1994, bls. 69, 70 og 71, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 17.12.1994, bls. 50 til 63.



## 7. VIÐAUKI

### við ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95

XII. viðauka (FRJÁLSIR FJÁRMAGNSFLUTNINGAR) við EES-samninginn skal breytt eins og hér er greint frá.

#### GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. Í aðlögunarlið d) við 1. lið (tilskipun ráðsins 88/361/EBE):

- a) í þriðja undirlið, bætast við orðin „ til 1. janúar 1997 f“ á undan orðinu Liechtenstein. Auk þess bætist eftirfarandi málslíður við í lok undirliðarins:

„Sameiginlega EES-nefndin skal að því er varðar Liechtenstein endurmeta stöðuna við lok aðlögunartímabilsins.“.

- b) í fjórða undirlið, komi í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1998“, að því er varðar Liechtenstein, „1. janúar 1999“. Auk þess bætist eftirfarandi málslíður við í lok undirliðarins:

„Sameiginlega EES-nefndin skal endurmeta stöðuna við lok aðlögunartímabilsins að því er varðar Liechtenstein.“.

## 8. VIÐAUKI

### við ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95

XIII. viðauka (FLUTNINGASTARFSEMI) við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 <sup>(1)</sup> frá 21. mars 1994, nr., 20/94 <sup>(2)</sup> og nr. 21/94 <sup>(3)</sup> frá 28. október 1994, skal breytt á eftirfarandi hátt.

#### GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

##### A. I. kafli. FLUTNINGAR Á LANDI

1. Í 13. lið (tilskipun ráðsins 92/106/EBE) bætist eftirfarandi nýr undirliður við aðlögunarliðinn, á milli undirliða varðandi Ísland og Noreg:

„- Liechtenstein: Motorfahrzeugsteuer.”

##### B. II. kafli. FLUTNINGAR Á VEGUM

1. Í 18. lið a (tilskipun ráðsins 93/89/EBE) bætist eftirfarandi nýr undirliður við í aðlögunarlið b), á milli undirliða varðandi Ísland og Noreg:

„- Liechtenstein: Motorfahrzeugsteuer.”

2. Í 24. lið a (tilskipun ráðsins 91/439/EBE), í aðlögunarlið b), bætast orðin „FL (Liechtenstein)” við á milli orðanna „IS (Ísland)” og „N (Noregur)”.

3. Í 26. lið a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92):

- a) þar sem lönd eru talin upp í aðlögunarliðum e), f) og g), bætist orðið „Liechtenstein,” við á milli orðanna „Ísland” og „Noregur”;

- b) fyrirmynd að leyfi, samanber I. viðauka við reglugerðina, sem um getur í aðlögunarlið g) skal breytt á eftirfarandi hátt:

- i) í texta leyfisins þar sem lönd eru talin upp bætist orðið „Liechtenstein,” við milli orðanna „Ísland” og „Noregur”;

- ii) í neðanmálgrein 1 bætast orðin „FL (Liechtenstein),” við milli orðanna „IS (Ísland)” og „N (Noregur)”.

4. Í 26. lið c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3118/93):

- a) þar sem lönd eru talin upp í fyrstu og annarri málgrein aðlögunarliðar b), í aðlögunarlið c), í öðrum undirlið fyrstu málgreinar aðlögunarliðar f), svo og í aðlögunarliðum h), i) og j), bætist orðið „Liechtenstein,” við á milli orðanna „Ísland” og „Noregur”;

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 78, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 68.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 325, 17. 12. 1994, bls. 72, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 17.12.1994, bls. 68.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 325, 17. 12. 1994, bls. 73, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 17.12.1994, bls. 70.

b) í fyrstu töflu í aðlögunarlið b):

- bætist eftirfarandi við á milli liðanna er varða Ísland og Noreg:

	„1994	1995	1996	1997	1. janúar til 30. júní 1998
Liechtenstein	-	33	43	56	37”

- bætist eftirfarandi málsliður við málsgreinina aftan við töfluna:

, Að því er varðar Liechtenstein, skal kvóti fyrir 1995 vera 1/12 af árlegum heildarkvóta fyrir árið 1995 margfaldað með fjölda almanaksmánaða sem eftir eru af árinu 1995 eftir gildistöku EES-samningsins fyrir það land.”

c) fyrirmyndum að skjölum, samanber I.-IV. viðauka við reglugerðina, sem vísað er til í aðlögunarlið j), er breytt á eftirfarandi hátt:

i) á fyrstu blaðsíðu I. viðauka:

- skal í fyrirsögn leyfisins bæta orðinu „Liechtenstein,” við á milli orðanna „Ísland” og „Noregur”;
- í neðanmálsgrein 1 bætast orðin „FL (Liechtenstein),” við á milli orðanna „Ísland (IS)” og „Noregur (N)”;

ii) á fyrstu blaðsíðu II. viðauka:

- skal í fyrirsögn leyfisins bæta orðinu „Liechtenstein,” við á milli orðanna „Ísland” og „Noregur”;
- í neðanmálsgrein 1 bætast orðin „FL (Liechtenstein),” við á milli orðanna „Ísland (IS)” og „Noregur (N)”;

iii) á fyrstu blaðsíðu III. viðauka:

- í neðanmálsgrein 1 bætast orðin „FL (Liechtenstein),” við á milli orðanna „Ísland (IS)” og „Noregur (N)”;

iv) í 6. dálki útskýringa við III. viðauka bætist eftirfarandi við á milli færslna er varða Ísland og Noreg:

„- Liechtenstein: FL”;

v) í IV. viðauka:

- í fyrirsögninni bætist orðið „LIECHTENSTEINS” við á milli orðanna „ÍSLANDS” og „NOREGS”;
- í töflunni bætist „FL” við á milli „IS” og „N”.

5. Í 33. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1839/92):

a) þar sem lönd eru talin upp í aðlögunarliðum a), b) og c) bætist orðið „Liechtenstein,” við á milli orðanna „Ísland” og „Noregur”;

b) fyrirmynd að skjölum, samanber I. viðauka A, III. IV. og V. viðauka við reglugerðina, sem vísað er til í öðrum undirlíð aðlögunarliðar c), er breytt á eftirfarandi hátt:

i) á fyrstu blaðsíðu í I. viðauka A, IV. og V. viðauka, eftir því sem við á:

- í neðanmálsgrein 1 bætast orðin „Liechtenstein (FL),” við á milli orðanna „Ísland (IS)” og „Noregur (N)”;

- í neðanmálgrein merktri með \* bætist orðið „Liechtenstein,” við á milli orðanna „Ísland” og „Noregur”;

ii) á fyrstu blaðsíðu III. viðauka:

- í neðanmálgrein merktri með \*\* bætist orðið „Liechtenstein,” við á milli orðanna „Ísland” og „Noregur”.

6. Í 33. lið a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2454/92):

a) þar sem lönd eru talin upp í aðlögunarliðum c), d) og e) bætist orðið „Liechtenstein,” við á milli orðanna „Ísland” og „Noregur”;

b) fyrirmynd að skjölum, samanber I., II. og III. viðauka við reglugerðina, sem vísað er til í öðrum málslið aðlögunarliðar c), er breytt á eftirfarandi hátt:

i) á fyrstu blaðsíðu I. og II. viðauka, eftir því sem við á:

- í neðanmálgrein 1 í I. og II. viðauka og neðanmálgrein 3 í I. viðauka bætast orðin „Liechtenstein (FL),” við á milli orðanna „Ísland (IS)” og „Noregur (N)”;

- í neðanmálgrein merktri með \* bætist orðið „Liechtenstein,” við á milli orðanna „Ísland” og „Noregur”;

ii) í III. viðauka:

- í töflunni bætist „FL” við á milli „IS” og „N”.

#### **D. VI. kafli. ALMENNT FLUG**

1. Eftirfarandi bætist við á milli fyrirsagnarinnar í kaflanum „VI. ALMENNT FLUG” og undirfyrirsagnarinnar „i) SAMKEPPNISREGLUR”:

„Liechtenstein skal koma ákvæðum gerða sem vísað er til í undirkjöflum ii) til vi) hér á eftir til framkvæmda frá 1. janúar 2000 að telja með, fyrirvara um endurmat sameiginlegu EES-nefndarinnar á árinu 1999.”

## 9. VIÐAUKI

### við ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95

XVI. viðauka (OPINBER INNKAUP) við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 <sup>(1)</sup> frá 21. mars 1994, skal breytt eins og hér er greint frá.

#### A. GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. Í aðlögunarlið b) í 1. lið (tilskipun ráðsins 71/304/EBE) skal í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1995“ koma „1. janúar 1996“.
2. Í 2. lið (tilskipun ráðsins 93/37/EBE):
  - a) í aðlögunarlið d), bætist eftirfarandi nýr undirliður við á eftir þriðja undirlið:  
  
„- í Liechtenstein, Handelsregister, Gewerberegister;“
  - b) bætist eftirfarandi nýr aðlögunarliður við:  
  
„g) Að því er Liechtenstein varðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari öðlast gildi 1. janúar 1996. Meðan á aðlögunartímabilinu stendur fresta Liechtenstein og aðrir sammingsaðilar beitingu þessarar tilskipunar.“
3. Í 3. lið (tilskipun ráðsins 93/36/EBE):
  - a) í aðlögunarlið e), bætist eftirfarandi nýr undirliður við á eftir þriðja undirlið:  
  
„- í Liechtenstein, Handelsregister, Gewerberegister;“
  - b) bætist eftirfarandi nýr aðlögunarliður við:  
  
„h) Að því er Liechtenstein varðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari öðlast gildi 1. janúar 1996. Meðan á aðlögunartímabilinu stendur fresta Liechtenstein og aðrir sammingsaðilar beitingu þessarar tilskipunar.“
4. Í 4. lið (tilskipun ráðsins 93/38/EBE):
  - a) bætist eftirfarandi ný setning við í upphafi aðlögunarliðar a):  
  
„að því er Liechtenstein varðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari öðlast gildi 1. janúar 1996;“
  - b) komi eftirfarandi í stað síðasta málslíðar aðlögunarliðar a):  
  
„Meðan á aðlögunartímabilinum stendur fresta Liechtenstein og aðrir sammingsaðilar beitingu þessarar tilskipunar.“
5. Eftirfarandi bætist við í lok 4. liðar a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/327/EBE):  
  
„Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 134, og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 119.

Að því er Liechtenstein varðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari öðlast gildi 1. janúar 1996. Meðan á aðlögunartímabilinu stendur fresta Liechtenstein og aðrir samningsaðilar beitingu þessarar tilskipunar.”

6. Í aðlögunarlið a) í 5. lið (tilskipun ráðsins 89/665/EBE) skal í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1995” koma „1. janúar 1996”.
7. Í stað aðlögunarliðar a) í 5. lið a) (tilskipun ráðsins 92/13/EBE) komi eftirfarandi:  
  
„a) Að því er Liechtenstein og Noreg varðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari öðlast gildi á sama tíma og tilskipun ráðsins 93/38/EBE, í samræmi við XVI. viðauka við EES-samninginn. Meðan á aðlögunartímabilinum stendur fresta þessi ríki og aðrir samningsaðilar beitingu þessarar tilskipunar.”
8. Í 5. lið b) (tilskipun ráðsins 92/50/EBE):  
  
a) í aðlögunarlið b), bætist eftirfarandi nýr undirliður við á eftir þriðja undirlið:  
  
„- í Liechtenstein, Handelsregister, Gewerberegister;”  
  
b) bætist eftirfarandi aðlögunarliður við:  
  
„c) Að því er Liechtenstein varðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari öðlast gildi 1. janúar 1996. Meðan á aðlögunartímabilinu stendur fresta Liechtenstein og aðrir samningsaðilar beitingu þessarar tilskipunar.”
9. Í aðlögunarlið a) í 6. lið (reglugerð (EBE, KBE) nr. 1182 frá 3. júní 1971) skal í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1995” koma „1. janúar 1996”.

**B. 14. VIÐBÆTUR: INNLEND YFIRVÖLD SEM TAKA VIÐ BEIÐNI UM SÁTTAMEDFERÐ ER UM GETUR Í 9. GR. TILSKIPUNAR RÁÐSINS 92/13/EBE**

1. Eftirfarandi nýr liður bætist við í 14. viðbæti á undan liðnum „NOREGUR”:  
  
„LIECHTENSTEIN  
  
Amt für Volkswirtschaft (Efnahagsskrifstofan)”.

## 10. VIÐAUKI

### við ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95

XVII. viðauka (HUGVERKARÉTTINDI) við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 <sup>(1)</sup> frá 21. mars 1994 og ákvörðun nr. 10/95 <sup>(2)</sup>, skal breytt eins og hér er greint frá.

1. Eftirfarandi nýr aðlögunarliður bætist við 6. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1768/92):

„d) Auk þess gildir eftirfarandi:

Með hliðsjón af hugverkabandalagi Liechtensteins og Sviss leggur Liechtenstein ekki fram viðbótarvottorð vegna lyfja eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð.”.

## 11. VIÐAUKI

### við ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95

